



SKIPULAGSLÝSING

Skipulagslýsing þessi er unnin hjá Káraborg ehf og Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd Húnaþings vestra. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhuguðu deiliskipulagi vestan Norðurbrautar á Hvammstanga og í henni koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

VIÐFANGSEFNI OG FORSENDUR

Tilgangur skipulagsins er að setja fram skilmála um framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Mikil eftirspurn hefur verið frá einstaklingum og félagi eldri borgara um skipulagningu íbúðarsvæðis. Hluti svæðis innan ÍB-5 hefur fengið vinnuheimtið lífsgæðakjarni. Lífsgæðakjarnar eru heiti yfir húsnæði sem er einkum hugsað fyrir eldra fólk þar sem áhersla er ólíkt búsetuform. Marmiðið er að tryggja áhugavert og aðlaðandi umhverfi, samveru og öryggi um leið og komið er til móts við ólíkar þarfir. Íbúðir af þessum toga eru ekki til staðar í sveitarfélaginu en auka fjölbreytni við núverandi búsetuform íbúða aldraðra í Nestúni 2-6.

Viðfangsefni deiliskipulagsins verða meðal annars:

- Skilgreining á eldri lóðamörkum og byggingarreitum
- Nýjar íbúðarlóðir
- Dvalarsvæði, göngu- og hjólastígar og útivistarstígar um svæðið

Bílastæði og dvalarsvæði

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið er um 4,8 hektarar. Norðurmörk liggja við mörk deiliskipulags Túnahverfis og deiliskipulag austan Norðurbrautar að austan. Að sunnan fylgja mörkin Spítalastíg og miða vesturmörk rétt útfyrir strandlínu. Staðhættir óbyggðs svæðis einkennast af fjöru og móa en skipulagssvæðið nær allt að 20 m.y.s. Frá svæðinu er útsýni yfir fjörðinn og Strandafjöllin í norðri. Innan skipulagsins eru sjúkrahús, heilsugæslustöð, 4 íbúðarhús, íbúðir aldraðra auk spennistöðvar Rarik.

NÚVERANDI SKIPULAG

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 eru landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins skilgreindir; íbúðarsvæði ÍB-5, samfélagsþjónusta S-2 og opið svæði. Endurskoðun aðalskipulagsins stendur nú yfir og verða áherslur þessa deiliskipulags í samræmi við endurskoðað aðalskipulag.

ÁHRIFAMAT

Deiliskipulagtillagan hefur að markmiði að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið.


Í deiliskipulaginu verða ekki skilgreindar heimildir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif skipulagsins á umhverfið í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í skipulaginu verður sett fram húsaskráning fyrir svæðið sbr. 16. gr. laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fornleifaskráning hefur ekki verið unnin fyrir svæðið en verður lokið áður en tillagan verður auglýst. Ef áður óþekktar minjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

ÁBENDINGAR OG UMSAGNIR

Skipulagslýsing þessi verður aðgengileg í ráðhúsi Húnaþings vestra og heimasíðu þess www.hunathing.is og í skipulagsgátt skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu xxx/2026. Kynningartími skipulagslýsingar er eigi minna en þrjár vikur og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingu. Leitað verður umsagna til samráðsaðila og lögbundinna umsagnaraðila.

Óskað er eftir ábendingum og sjónarmiðum frá almenningi og hagsmunaaðilum um efni skipulagslýsingarinnar og fyrirhugað deiliskipulag. Þeim er hægt að koma á framfæri á skipulagsgáttinni undir fyrrnefndu málsnúmeri. Einnig er hægt að senda skriflegar ábendingar til Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga eða á netfangið skipulagsfulltrui@hunathing.is.

Skriflegar ábendingar skulu merktar „Nestún á Hvammstanga - skipulagslýsing“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Ábendingarnar verða hafðar til hliðsjónar við gerð deiliskipulagstíllögunnar en verður ekki svarað með formlegum hætti.



Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 (m.s.br.)
Þéttbýlisuppráttur Hvammstangi 1:10.000

SKIPULAGSFERILL

Í framhaldi af auglýsingu skipulagslýsingar verður unnin deiliskipulagstillaga sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Þá verður fullnunnin tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafresti. Skipulagsráð mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulagsráð frá tillögunni til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykktu tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Lýsing auglýst, júlí 2026, a.m.k. 3 vikna athugasemdafrestur.
- Drög að deiliskipulagi kynnt á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt, október/nóvember 2026.
- Tillaga auglýst í nóvember 2026, 6 vikna athugasemdafrestur.
- Stefnt að gildistöku skipulagsins um áramót 2026/27.